

Bronsmerkjapróf í Hundafimi

Bronsmerki Íþróttadeildar í hundafimi er einungis veitt af Íþróttadeild HRFÍ á prófum sem haldin eru af deildinni. Prófin eru óopinber og mega þ.a.l. halda slík án sérstaks leyfis frá stjórn HRFÍ. Íþróttadeild sér alfarið um skráningu og framkvæmd prófa. Prófin eru dæmd af aðilum sem viðurkennd eru af HRFÍ (dómarar eða leiðbeinendur innan félagsins). Prófdómari verður að vera félagsmaður innan HRFÍ og skráður meðlimur Íþróttadeildar.

Prófið telst ekki til nafnbóta í ættbók.

Bronsmerkjapróf eru opin öllum hundum, þ.m.t. blendingum og eineistungum sem náð hafa 1 árs aldri. Lóðatíkur mega taka þátt í bronsmerkjaprófi en þurfa að vera síðastar og mega ekki koma inn á prófsvæðið fyrr en allir eru búnir að ljúka prófi.

Kröfur til að ná bronsmerki í hundafimi er að hundur geti klárað braut og sýnt fram á að hann sé undir nógu mikilli stjórn til að hann hlaupi ekki út fyrir braut eða sýnir fram á annars óhlýðna hegðun. Hundur skal undir öllu prófinu vera án taums og ólar eins og í venjulegri keppni. Stjórnandinn má ekki hafa neitt í höndunum á meðan á prófi stendur, en má með orðum og gerðum hvetja hundinn í gegnum brautina.

Hundur og stjórnandi þurfa að fara í gegnum léttu hundafimibraut með minnst 15 hindrunum, þar sem flest öll tæki koma fyrir. Dómari má gera undantekningar á tækjum ef þörf krefur, t.d. vegna stærð húsnæðis. Ekki má nota tvíhopp (tvöfalt hopp) í prófi og einu tæki sem nota má oftast en einu sinni eru venjuleg hopp.

Brautina skal leggja á venjubundin hátt (með góðu flæði) og eftir einföldu skipulagi. Fjarlægð milli tækja sem koma hvert á eftir öðru skulu vera 5-7 metrar. Fyrir smáhunda má fjarlægðin vera 4-7 metrar. Heildarlengd á braut skal vera 120-140 metrar.

Dæmt er eftir venjulegum keppnisreglum í hundafimi flokk 1, en með meðfylgjandi undantekningum:

1. Viðmiðunartími reiknast út frá:

Litlir: 1,20 m/s

Meðal: 1,35 m/s

Stór: 1,50 m/s

Hámarkstími er tvöfaldur viðmiðunartími

2. Neitun gefur 5 stig (eins og í venjulegri keppni) og tækið þarf að endurtaka þangað til það er farið rétt í það. Leyfilegt er að fá 3 neitanir á einu og sama tækinu. Við fjórða neitun á sama tækinu lýkur hundurinn keppni.

3. Snertivilla dæmist aðeins einu sinni á sama tækinu, en viðvarandi snertingarvillur milli hunds og eiganda dæmast sem neitun.

Bronsmerki er úthlutað á þá hunda sem ná að klára brautina með hámark 50 villum.